



Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri

Febrúar 2018



02. febrúar 2018

Nú þegar liðið er vel á þorra er komið að fréttum úr skólanum.

Janúar nýttist flestum vel í skólastarfinu. Viðtalsdagar tókust vel og foreldrar almennt sáttir með starfið í skólanum. Nemendum í 1.-3. bekk var boðið á skauta og voru þjálfarar í Skautahöllinni ákaflega ánægðir með hópana okkar, sögðu krakkana áhugasama og duglega.

Stærðfræði var gerð að meginviðfangsefni á smiðjudegi sem fram fór í dag 2. febrúar. Hefðbundin stundaskrá var sett til hliðar og nemendur unnu saman í aldursblönduðum hópum að skemmtilegum viðfangsefnum sem höfðu það að markmiði að þjálfra leikni í stærðfræði.

Nú hefur skýrsla Menntamálastofnunar um ytra mat á Glerárskóla litið dagsins ljós. Skýrsluna má finna á heimasíðu skólans. Hún mun einnig birtast á heimasíðu MMS innan skamms.

Niðurstöður skýrslunnar hafa verið kynntar starfsfólki skólans sem og í skóla-ráði.

Það er óhætt að segja að niðurstöður hafi komið okkur öllum skemmtilega á óvart. Glerárskóli er að koma ágætlega út úr þessu mati og erum við mjög sátt. En alltaf má þó gera betur og munum við nú á vordögum hefja vinnu að þeim umbótum sem bent er á í skýrslunni. Við þurfum að skila umbótaáætlun sem verður tilbúin fyrir páska og fáum síðan ákveðinn tíma til að ljúka þeim umbótum sem ætlast er til af okkur. Menntamálastofnun mun fylgjast með því að umbæturnar fari fram. Meðfylgjandi er útdráttur úr skýrslunni sem við vorum beðin um að senda ykkur foreldrum.

Saman lærum við, náum árangri og gleðjumst!

Kær kveðja frá stjórnendum Glerárskóla,
Helga, Tómas Lárus og Aðalheiður

5. tbl. 7. árg

Til umhugsunar:

- **Bros** kostar ekkert en ávinnur mikið
- **Bros** getur dimmu í dagsljós breitt

Efnisyfirlit:

Febrúar	1
Lestur	2
Símareglur	2
Vetrarfrí	2
Aðeins um GERT	2
Viðburðir í febrúar	3
Kannanir	3
Leyfi nemenda	4
Nemendaráð	4
Starfsmenn	4
Heimsókn-mynd	4

Betri og vandaðri lestur - lesum heima

Að gefnu tilefni finnst okkur í Glerárskóla ástæða til þess að vekja nemendur og foreldra til umhugsunar um vönduð vinnubrögð og mikilvægi þess að viðhalda og efla lestur á sem fjölbreyttastan hátt.

Lesfimikannanirnar okkar sem framkvæmdar voru í september og nú í janúar eru að sýna að verulega vantar upp á að nemendur æfi lestur heima. Niðurstöður lesfimikannana eru skráðar inn á Mentor. Þar geta foreldrar farið í prentvæna útgáfu og séð niðurstöður síns barns í lestrinum, einnig er hægt að sjá samanburð við jafnaldra.

Við hvetjum til þess að **allir** nemendur í skólanum lesi heima í a.m.k. 10. mínútur á dag.

*Heimalestur
alla daga*



GERT er samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Mennta- og menningarráðuneytisins.

Gert stendur fyrir „grunnmenntun efla í raunvísindum og tækni“

Glerárskóli, ásamt fleiriri skólum, tekur þátt í Gert verkefninu og er þannig einn af Gert skólunum.

GERT tengir skólana við atvinnulífið og býður upp á lausnir fyrir nemendur og kennara í grunn-skólum sem geta leitt af sér aukna þekkingu og ekki síður áhuga á raunvísindum og tækni og þannig uppfyllt betur framtíðarþörf vinnumarkaðar. GERT stuðlar að því að efla áhuga nemenda á raunvísindum og tækni ásamt námi og störfum sem því tengjast og einnig að auka hæfni kennara og bættum starfspróunar – og símenntunar kostum í raunvísindum og tækni sem gæti leitt af sér fjölbreytta kennsluhætti og tengsl við atvinnulíf.

Þriðjudaginn 20. febrúar mun Team Spark, sem er lið verkfræðinema við Háskóla Íslands, koma til Akureyrar og kynna Gert verkefnið. Með okkur verða Oddeyrarskóli og Hrafnagilsskóli.

Símareglur—Reglur um notkun snjalltækja



Skólareglur Glerárskóla um notkun síma er eftirfarandi:

- Við geymum símana okkar alltaf í skólatöskunni eða í símageymslum á skólatíma nema kennari leyfi notkun þeirra við námið.
- Við notum símana aðeins í Skýjaborgum, ekki á göngum.

Við leggjum áherslu á að símar séu ekki til brúks á ákveðnum stöðum í skólanum, má þar nefna matsal og ganga og í kennslustundum nema með leyfi kennara. Símar eru leyfðir í Skýjaborgum í frímínútum og hádegishléi.

Vetrarfrí 14.—16. febrúar

Í vetrarfríinu verður **frístund** lokuð á öskudegi þann 14. febrúar.

Opið verður 15. og 16. febrúar frá kl. 13:15—16:15 fyrir börn sem þar eru skráð.

Kannanir

Eins og margir foreldrar hafa áttað sig á er tími hinna ýmsu kannana þessa dagana.

Þær kannanir sem liggja fyrir eru:

- Vinátta og félagstengsl í fjölmeningarsamfélagi. Lögð fyrir í 8.-10. bekk 2. mars.
- Heilsa og lífsskjör skólabarna 2018. Lögð fyrir í 6. 8. og 10. bekk í febrúar.
- Samanburðarkönnun DAM—nokkrir nemendur í 8. bekk. Lögð fyrir í lok janúar.
- Ungt fólk 2018. Lögð fyrir í 8.-10. bekk 7. febrúar.
- Evrópsk könnun um tölvu- og tæknimál í skólum. Lögð fyrir 10 SH. Auk kennara.

Að lokum er það **PISA** könnunin sjálf sem lögð verður fyrir 10. bekkinga 5. apríl n.k.

Þá er mikið sótt í að leggja kannanir fyrir kennara og starfsfólk um hin ýmsu mál tengd kennslu og skólastarfi.

„Fólk sem á sér markmið nær árangrí vegna þess að það veit hvert það ætlar“
Earl Nightingale

Viðburðir í febrúar 2018

2. febrúar: Dagur stærðfræðinnar—Smíðjudagur með áherslu á stærðfræði

7. febrúar: Ungt fólk 2018- spurningakönnun lögð fyrir nemendur í 8.—10. bekk.

13. febrúar: Þorgrímur Þráinsson heimsækir 10. bekk

20. febrúar: Kynning á GERT verkefni fyrir 10.bekk, nemendur úr Oddeyrarskóla og Hrafnílsskóla koma í heimsókn.

22. febrúar: Kl. 9:00—11:00 verður opið hús í Glerárskóla fyrir foreldra barna sem hefja grunnskólanám 2018

26. febrúar: List fyrir alla Heyrðu villuhrafninn mig með Dúó Stemma. 1.– 4. bekk boðið í Hof

26. febrúar: Stóra upplestrarkeppnin í Glerárskóla kl.08:30

28. febrúar: 9. bekkur fer í heimsókn í VMA

6. mars: Áætlað að fara með alla nemendur skólans í Hlíðarfjall

**Glerárskóli,
v/Höfðahlíð
600 Akureyri**

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá
kl. 7:45—15:00 en í fríum nemenda er hún
opin frá kl. 10:00—12:00.

Sími skólans er: 461-2666

Fax skólans er: 461-1316

Netfang skólans er: glerarskoli@akureyri.is

Heimasíða: www.glerarskoli.is



HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

**Við erum á Facebook:
Glerárskóli**

Nemendaráð

Spurningakeppni á miðstigi



Starfsmannabreytingar

Anna Jónasdóttir skólaliði til
margra lét af störfum þann 1.
febrúar. Anna er komin á aldur
og ætlar að fara að njóta efri
áranna. Við óskum Önnu vel-
farnaðar.

Í stað Önnu hefur Inga Sigrún
Gærdbo Ólafsdóttir verið ráðin í
starf skólaliða. Þá hóf Sandra
Rut Sigurðardóttir störf sem
skólaliði í byrjun janúar. Við
bjóðum þær velkomnar til
starfa.

Leyfi nemenda

Mikið er um það þessa dagana að foreldrar fái leyfi fyrir börn
sín vegna utanlandsferða og/eða annarra ferðalaga.
Við viljum benda foreldrum á að þessar fjarvistir eru á ábyrgð
foreldra eins og segir í 15. grein laga um grunnskóla nr. 91 frá
2008 : *Sæki foreldrar skólaskylds barns um tímabundna undanþágu
þess frá skólasókn í einstökum námsgreinum eða að öllu leyti er
skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu telji hann til þess gildar
ástæður. Foreldrar skulu þá sjá til þess að nemandinn vinni upp það
sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur.*

Þar sem margir nemendur eru á faraldsfæri er það töluvert álag á
kennara þegar nemendur koma til baka og hafa ekki sinnt því námi
sem þeim ber. Því biðjum við ykkur að sjá til þess að börnin ykkar
sinni því námi sem fyrir er lagt hverju sinni.

Allir lesa



Við minnum á að heimalesturinn á að vera
sameiginlegt átak heimilis og skóla.

Verum dugleg að þjálfa lestur barnanna okkar.

Heimsókn

